

Ed.

326. Breytingartillögur

við frv. til 1. um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. Fyrsta málsggr. orðist þannig:

Ríkissjóður greiðir hluta af kostnaði við hafnargerðir og lendingarbætur á þeim stöðum, sem taldir eru í lögum þessum, og í þeim hlutföllum, sem þau ákveða, enda séu áætlanir um framkvæmdir allar samþykktar af samgöngumálaráðuneytinu, eignir og tekjur hafnar- eða lendingarbótasjóðs ekki fullnægjandi til þess að standa undir byggingu hafnarinnar eða lendingarbótanna og fé veitt til þess í fjárlögum.

2. Við 2. gr. B. Inn í greinina bætist nýir liðir sem hér segir:

Drangsnes.

Gjögur í Reykjarfirði.

Kaldrananes í Bjarnarfirði.

Norðurfjörður.

Salthólmavík.

Selvogur.

3. Við 5. gr. Í stað tveggja síðustu mgr. komi 3 nýjar mgr., er orðist svo:

Sá, sem fengið hefur leyfi til að gera slikt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hætt að stafi af því. Sé leyfið eigi notað innan 2 ára frá veitingu þess, fellur það úr gildi, og er óheimilt að framkvæma mannvirkid eftir þann tíma, nema nýtt leyfi komi til.

Heimilt er að nema í burtu án endurgjalds bryggju eða önnur mannvirki í sjó fram, sem staðið hafa ónotuð í 5 ár eða lengur.

Brot gegn þessari grein varða sektum, allt að 10 þús. krónum, og getur stjórn hafnar- eða lendingarbótamála látið nema á burt á kostnað eiganda mannvirki, sem byggt er í óleyfi eða án þess að settum skilyrðum sé fylgt.

4. Við 9. gr. Aftan við síðustu mgr. bætist: og hafa þau forgangsrétt fyrir öðrum kröfum.